

Árskýrsla Valnefndar um umdæmisstjóra

Í Valnefnd sátu eftirfarandi aðilar á umdæmisárinu 1. júlí 2011 til 30.júní 2012:

Ásta Bjarnadóttir, Rkl. Reykjavík - Austurbær, *Almar Grimsson*, Rkl. Hafnarfjarðar, *Bernharð Haraldsson*, Rkl. Akureyrar, *Práinn Þorvaldsson*, Rkl. Reykjavíkur, og *Ellen Ingvadóttir*, Rkl. Reykjavík miðborg sem veitti nefndinni forstöðu. Nefndin hélt hefðbundna fundi sem og símafundi á starfsárinu. Þá nýttu nefndarmenn tæknina í starfi sínu, þ.e. netpóstsamskipti, enda búseta nefndarmanna allar götur frá Akureyri til austurstrandar Bandaríkjanna.

Í kjölfar erinda, sem send voru öllum klúbbum um tilnefningu í embætti umdæmisstjóra fyrir tímabilið 2014-2015, gerði nefndin fráfarandi umdæmisstjóra, Tryggva Pálssyni, tillögu um að Guðbjörg Alfreðsdóttir lyfjafræðingur og félagi í Rkl. Görðum, Garðabæ, yrði útnefnd umdæmisstjóri fyrir tímabilið 2014 til 2015. Guðbjörg, sem hefur verið félagi í Rótarýhreyfingunni síðan árið 2002, tók útnefningu að frágengnum formsatriðum skv. reglum Rotary International.

Reykjavík, 14. ágúst 2012

F.h. Valnefndar

Ellen Ingvadóttir